

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 18. febrúar 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu smærri fyrirtækja.

Hinn 14. október 2019 lagði Logi Einarsson, 5. þingmaður Norðausturkjördæmis, ásamt sex öðrum þingmönnum, fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu smærri fyrirtækja (þskj. nr. 30 í 30 máli). Tillögunni var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar að 1. umræðu lokinni hinn 17. október 2019 en nefndin óskaði eftir umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um hana með tölvupósti dags. 25. október 2019. Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögn þessi berst nefndinni.

Í þingsályktunartillögunni eru settar fram aðgerðir sem miða í meginatriðum að því að styrkja stöðu örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja og þá ekki síst þeirra sem starfa í *hugverkaiðnaði, svo sem fyrirtæki sem starfa á sviði líftækni, hönnunar, hugbúnaðargerðar, kvikmynda-, sjónvarps- og tölvuleikjagerðar, í alþjóðageiranum o.s.frv.* eins og segir í inngangshluta greinargerðar tillögunnar. Í ályktunarorðum tillögunnar eru aðgerðirnar settar fram í sjö tölulíðum. Tillagan hefur verið yfirfarin á vettvangi SAF og telja samtökin rétt að koma afstöðu sinni á framfæri.

SAF hafa eins og önnur samtök atvinnurekenda á Íslandi hvatt til þess að lækkunartaktur tryggingagjalds verði hraðari en ríkisstjórnin áformar. Eins og flestum er kunnugt var gjaldið hækkað verulega í kjölfar bankahrunsins einkum í þeim tilgangi að treysta stöðu launþega á atvinnumarkaði á samdráttartímum. Það er hins vegar nokkuð langt síðan atvinnumarkaðurinn tók við sér að nýju án þess að við því yrði brugðist með lækkun tryggingagjalds þrátt fyrir nokkurra ára samfellt hagvaxtarskeið. Um þessar mundir blasir hins vegar dekkri mynd við þar sem stöðnun eða jafnvel samdráttur er framundan. Undir slíkum kringumstæðum þurfa stjórnvöld að bregðast við með afgerandi hætti og styðja við bakið á atvinnulífinu sem stendur undir verðmætasköpun. Skuldastaða ríkisins er afar traust og því í lófa lagið að stuðla að stöðugu efnahagslífi. Almenn lækkun tryggingagjalds er því afar skynsamleg um þessar mundir. Hafa verður í huga að slík almenn lækkun kemur þeim fyrirtækjum best sem starfa á mannaflsfrekum sviðum. Í ljósi þess að atvinnuleysisstig hefur farið hækkandi hlýtur almenn lækkun tryggingagjalds að teljast afar fýsilegur kostur.

Mörg smá fyrirtæki starfa á vettvangi ferðaþjónustunnar. Í ljósi breyttra efnahagslegra aðstæðna horfa eigendur þeirra fram á tíma sársaukafullra hagræðingaraðgerða, sameininga og jafnvel grundvallarbreytinga á þjónustuframboði. Undir slíkum kringumstæðum skapast hættu á að þekking og reynsla fari forgörðum þrátt fyrir að hún gæti komið að góðum notum undir batnandi aðstæðum. Að mati SAF gætu rekstrarlegar ívilnanir gert slíkum fyrirtækjum fært að fleyta sér áfram og eflast meira en ella. Eins og flutningsmenn nefna er smáfyrirtækið fyrsti sproti umfangsmikillar starfsemi. Það hlýtur því að koma til skoðunar að styðja sérstaklega við bak þeirra.

Eins og tillagan er mótuð virðast aðgerðir hennar fyrst og fremst eiga að beinast að fyrirtækjum í hugverkaiðnaði. Í því samhengi vilja SAF benda á að bæði samtökin og stjórnvöld hafa sett stefnuna á að auka gæði og virði ferðaþjónustunnar. Innan ferðaþjónustunnar er góð reynsla af þeirri landkynningu sem kvikmyndagerð á Íslandi hefur haft í för með sér. Þá hefur jákvætt orðspor Ísland jafnframt almenn áhrif á áhuga ferðamanna á að sækja Ísland heim. Hins vegar hefðu SAF kosið að áherslur flutningsmanna væru viðtækari en svo að þær beindust einkum að hugverkum sem óefnislegra afurða sem neyta má óháð staðsetningu. Hafa ber í huga að verðmæt ferðaþjónusta grundvallast á sérþekkingu á aðstæðum, þjónustupörfum og upplifun ferðamannsins. Að ósekju hefðu slík verðmæti mátt endurspeglast með ríkari hætti í greinargerð tillögunnar. SAF geta illa felld sig við að breytingar á skattalögum með það fyrir augum að hvetja til fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum beinist að svo þröngum hópi að þær geri ferðaþjónustufyrirtækjum ekki betur fært en ella að hámarka virði ferðaþjónustu. Í því ljósi telja SAF nauðsynlegt að það verði skoðað vandlega hvort ekki megi aðlaga umfjöllun um tillöguna og 5. tölul. ályktunarorða hennar þannig að hún nái ekki síður til ferðaþjónustunnar en hugverkageirans.

SAF fagna 4. og 6. tölul. tillögunnar sérstaklega. Undir núverandi kringumstæðum í efnahagslífinu þurfa stjórnvöld, ekki síður en atvinnurekendur, að horfa inn á við með það fyrir augum að bæta aðstæður fyrir öflugra verðmætasköpun. SAF hafa miklar væntingar til þess að stjórnvöld vinni úr niðurstöðum samkeppnismats OECD á ferðaþjónustunni en ekki síður að það verði viðvarandi verkefni stjórnvalda að tryggja ferðaþjónustunni sem bestar rekstraraðstæður. Einföldun regluverks er afar mikilvægt verkefni og bæði stjórnvöld og atvinnurekendur ættu að sjá hag af því að það skili árangri. Metnaður ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hvað það varðar er afar virðingarverður og SAF telja að það verði að myndast þverpólitísk samstaða um framgang þeirra verkefna sem hún hefur beitt sér fyrir. Ráðherra hefur kallað eftir hugmyndum ferðaþjónustunnar um hvað megi betur fara. Á sama tíma hafa ferðaþjónustufyrirtækin hins vegar þurft að glíma við ýmsar áskoranir og ekki náð að beita sér eftir fremsta mætti. Undir slíkum aðstæðum getur einföldun regluverks ekki verið spretthlaup og það er afar mikilvægt að stjórnámálamenn missi ekki áhugann.

Það er SAF sannarlega að skapi að leggja áherslu á iðn- og tæknimenntun, skapandi menntun og endurmenntun. Það hlýtur að teljast ein meginforsenda verðmætasköpunar að innlend menntun mæti eftirspurn eftir þekkingu og henni sé

haldið við og hún uppfærð eftir þörfum. En segja má að menntakerfið standi á tímamótum í ljósi fjórðu iðnbyltingarinnar. Á vettvangi SAF hefur það því verið rætt hvort ekki sé orðið tímabært að stefnumótun í menntamálum horfi í auknum mæli til nýs veruleika og það verði eitt af markmiðum kerfisins að undirbúa samfélagið undir að geta tekist á við þær breytingar sem eru í farvatninu. Óhjákvæmilega kallar það á aukna forsjá.

Samantekið eru SAF jákvæð í garð tillögunnar en telja þó að hana megi skoða nánar m.t.t. þeirra sjónarmiða sem eru reifuð hér að framan.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóhannes Þór Skúlason'. The signature is fluid and cursive, with the first name 'Jóhannes' being the most prominent part.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri